

2. gr.

Nr. 14

Hreppstjóralaun um fardagaárið 1919—1920 skulu fyrir tímabilð frá 6. desember 18. maí 1919 til loka fardagaársins reiknast samkvæmt ákvæðum 1. gr.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfríhöll, 18. maí 1920

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.

Lög

Nr. 15

18. maí

um

breyting á lögum nr. 88, 14. nóv. 9117, um notkun bifreiða.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. málsgrein 5. greinar í lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, orðist svo:

Enginn má stýra bifreið, nema hann sje fullra 20 ára að aldri og hafi ökuskírteini frá lögreglustjóra, sem heimilar honum að stýra bifreið. Þó getur stjórnarráðið veitt undanþágu frá aldurstakmarkinu, alt niður í 18 ára aldur, þegar svo stendur á, að bifreiðarstjórinn vill aðeins stýra sinni eigin bifreið, foreldris eða fósturforeldris, og notar hana alls ekki til almennra fólksflutninga.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfríhöll, 18. maí 1920

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Pjetur Jónsson.